

**5. gr.  
Vanskil.**

Sé leigugjald ekki greitt á réttum gjalddaga falla á það frá 1. júlí ár hvert hæstu lögleyfðu dráttarvextir eins og þeir eru á gjalddaga á hverjum tíma, fyrir hvern mánuð, sem greiðsla er ekki innt af hendi.

Til tryggingar skilvísri greiðslu leigugjaldsins ásamt dráttarvöxtum og alls kostnaðar sem af vanskilum kann að leiða, skal lóðin ásamt öllum mannvirkjum sem þar standa, sumarhús með fastanúmer 220-7372, merkt 010101, sett að veði að hámarksfjárhæð kr. 1.000.000 og skal þinglestur þessa samnings jafnframt stofna þá kvöð á lóðinni, að leigugjaldið skal hafa forgangsrétt á undan öllum öðrum veðhöfum.

Sé leigan ekki greidd á réttum gjalddaga er leigusala heimilt að ganga að eigninni til þess að leita lúknunar á leigugjaldinu, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, án undangengis dóms eða sáttar skv. ákvæðum laga nr. 90/1989, um aðför eða látið selja hana á nauðungaruppbóði án undangengis dóms, sáttar eða fjárnáms, sbr. 2. tl. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

**6. gr.  
Veðsetning og framsal leiguréttar.**

Hús og önnur mannvirki á hinu leigða landi má leigutaki veðsetja án sérstakra afskipta leigusala ásamt leiguréttindum sínum skv. samningi þessum. Leigutaka er skylt að gæta þess að veðsetningar nái einungis til þeirra réttinda sem hann á samkvæmt samningi þessum.

Leigutaka er einnig frjálst að framselja leigurétt sinn og eignir á landinu án samþykkis leigusala. Leigutaki skal tilkynna leigusala um framleigu lóðarleiguréttinda til lengri tíma en eins árs eða framsal lóðarleiguréttinda innan fjögurra vikna frá slíkum aðilaskiptum, sbr. 8. gr. laga nr. 75/2008. Við slíkt framsal er leigutaka skylt að gæta að forkaupsrétti leigusala skv. 7. gr. samnings þessa.

**7. gr.  
Forkaupsréttur og forleiguréttur.**

Leigusali hefur forkaupsrétt við framsal leiguréttinda leigutaka sem og við framsal mannvirkja á lóð. Ber leigutaka að tilkynna leigusala um slíkt framsal skriflega og skal leigusali tilkynna leigutaka innan 15 daga frá slíkri tilkynningu hvort hann hyggst nýta sér þennan rétt sinn. Leigutaki nýtur ekki forkaupsréttar við sölu hennar.

Leigutaki hefur forleigurétt að leigutíma liðnum, enda sé frístundahús á lóðinni.

**8. gr.  
Sérstakar skuldbindingar.**

Leigutaka er skylt að fara vel með hið leigða og í samræmi við umsáminn afnot þess.

Leigutaka ber skylda til að ganga snyrtilega um hina leigðu lóð og halda bústað sínum í snyrtilegu og góðu ástandi. Gæta skal að ásýnd lands og útsýni.

Leó SW